

Hverfisnefnd Naustahverfis

18. fundur haldinn á Naustatjörn 13. maí 2009

Mættir voru Hrafnhildur E. Karlsdóttir, Gísli Rúnar Magnússon, Ásdís Birgisdóttir, Anna Sjöfn Jónasdóttir, Björk Guðmundsdóttir, Sigurður Sveinn Ingólfsson og Ólöf Inga Andrésdóttir.

Á fundinum var rætt um malbikunarframkvæmdir í hverfinu sem og velli. Hverfisnefnd ræddi að hún gæti komið að hönnun vallar við Ljómatún.

Rætt var um hvort hægt væri að fá Akureyrarbæ til að slétta úr svæðum /lóðum sem skilað hefur verið og jafnvel að sá í þau. Þarna er t.d. verið að ræða svæði við Stekkjartún og norðan við leikskólann Naustatjörn (við Hólmatún). Þá er nauðsynlegt að fyrirbyggja moldrok í hverfinu á svæðum eins og milli Kjarnagötu og Baugatúns, sunnan Miðhúsabrautar v/Baugatún og Fossatún sem og Geislatún. Einnig milli Kjarnagötu og Mýrartúns.

Rætt um nauðsyn þess að fá undirgöng undir Miðhúsabraut til móts við Bónus. Börn úr Naustahverfi fara mikið þarna um sem og íbúar Lundahverfis sem vilja fara gangandi í Bónus. Þá er ótalið allt það útvistarfólk sem vill fara þarna um á leið sinni í Kjarnaskóg. Ásdís og Hrafnhildur fari á fund bæjarfulltrúa vegna þessara mála.

Undirbúningur undir Naustahátíð ræddur. Rætt um að hafa samstarf við Naustaskóla.

Fleira ekki rætt.

Fundi slitið.